



Listviðburður ársins var listaverkagjöf og sýning Errós, sem hér sést á tali við forseta Íslands, Vigdís Finnbogadóttur, við opnun sýningarinnar.

Minni umsvif, sama gróska

– myndlistarannáll ársins 1989

Myndlistin á árinu 1989 var ekki öll þar sem hún var séð.

Hún var feiknamikið í sviðsljósinu, ekki síst vegna höfðinglegrar gjafar Errós og meðfylgjandi sýningar á nýlegum verkum hans. Síðan hrönnuðust listsýningar upp um helgar með regulegu millibili, svo oft að elstu áhugamenn um myndlist töldu sig ekki muna aðra eins grósku.

Ög víst má til sanns vegar færa að íslensk myndlist hafi ekki verið gróskuminni á nýliðnu ári en árið 1988.

Fyrir utan áður nefnda sýningu Errós að Kjarvalsstöðum héldu fleiri eldri listamenn eftirminnilegar sýningar, til að mynda Kristján Davíðs-

son (Nýhöfn) og Hringur Jóhannesson (Listasafn ASÍ), að ógleymdri yfirlitssýningunni á Jóni Stefánsyni.

Yngri kynslóðir létu heldur ekki sitt eftir liggja, ég nefni aðeins Kristján Guðmundsson (Kjarvalsstaðir), Helga Þorgils (Kjarvalsstaðir), Kjartan Ólason (Kjarvalsstaðir), Kristján Steingrím (Nýlistasafn), Sólveigu Aðalsteinsdóttur (Nýlistasafn), Jón Axel (Nýhöfn), Sigríði Ásgeirsdóttur (Norræna húsið), Pétur Bjarnason (Ásmundarsalur) og Svövu Björnsdóttur (Norræna húsið), en tvær síðastnefndu sýningarnar verða að teljast meðal glæsilegustu „debút“ sýninga hér á landi.

Í þrívíða kantinum

Báðar voru í þrívíða kantinum, sem ef til vill bendir til þess að vaxtarbródd íslenskrar myndlistar sé að finna þeim megin.

En myndlistin var sannarlega fyrirferðarminni árið 1989 en árið á undan, ef tölurnar einar eru látnar tala, sjá töflu 1.

Þar kemur í ljós að listsýningum á landinu öllu fækkaði talsvert frá því árið áður og hafa þær ekki verið færri síðan 1986.

Ekki veit ég hvað veldur en giska á að fækkun sýningarstaða og almennt efnahagsástand ráði þar einhverju um.

Ef sveiflur milli annarra sýningar-

ára eru hafðar til hliðsjónar er þessi almenna fækkun sýninga út af fyrir sig ekki óeðlileg.

Hins vegar virðist hún koma sérstaklega illa niður á tveimur þáttum íslenskrar sýningarstarfsemi, annars vegar erlendum sýningum, hins vegar sýningum utan Reykjavíkur.

Eins og tafla 1 sýnir hefur hvortveggja fækkað um meira en helming á einu ári. Á meðal þeirra 23 erlendu sýninga, sem mér tókst að hafa upp á, hugnuðust mér sérstaklega Norræni veflistarþríæringurinn (Kjarvalsstaðir), sýning á sænskum guðspekingi og brautryðjanda í myndlist, Hilmu af Klint (Listasafn Íslands), verk úr Épinal-safninu

franska (Kjarvalsstaðir), verk norska myndlistarmannsins Arvid Pettersen (Kjarvalsstaðir) og austur-þýska málarsins Michael Kunert (FIM-salur).

Málverkið heldur sínu

Aftur á móti virðast sýningarstaðir vera nákvæmlega jafnmargir árin 1989 og 1988 eða 65 alls.

Ef horft er til töflu 2 kemur í ljós að málverkið er nálægt því að halda sínu en flestum öðrum tegundum sýninga hefur fækkað milli ára.

Hér skal enn og aftur sleginn sá varnagli að undir „málverk“ eru flokkuð öll máluð verk á tvívíðum fleti og sýningar þar sem slík verk eru í meirihluta. Sem sagt, olíu-, vatnslita- og pastelmýndasýningar. Teikningar, sem gerðar eru með svipuðu markmiði og málverkin, fá einnig að fljóta með í þessum flokki.

Tafla 2 sýnir eina stóra undantekningu frá þeirri fækkun sem hér hefur verið tíunduð, það er ljósmyndun.

Ljósmyndasýningar hafa aldrei verið fleiri frá því myndlistarannáll var skrifaður í fyrsta sinni.

En hér erum við að tala um magn, ekki gæði. Það verður að segjast eins og er að íslensk listljósmyndun er enn ekki risin úr öskustónni.

Eftirminnilegasta ljósmyndasýning ársins var eftir erlendan mann, snillinginn Yosuf Karsh.

Sögulegar listsýningar voru sömu-leiðis einni fleiri en árið 1988, þökk sé auknum umsvifum Listasafns Íslands. Þar ber hæst áður nefnda yfirlitssýningu á Jóni Stefánsyni sem leiddi skilmerkilega í ljós bæði styrk og veikar hliðar listamannsins.

Kjarvalsstaðir stóðu fyrir tímabærri úttekt á SÚM-tímabilinu en sú sýning einkenndist meira af kappi en forsjá.

Umhlepingsöm sýningarstarfsemi

Starfsemi sýningarsala var talsvert umhlepingsöm á árinu 1989, eins og tafla 3 ber með sér.

Um vorið pakkaði Nýlistasafnið saman og flutti af Vatnsstígnum þar sem það hefur verið til húsa um tíu ára skeið.

Safnið er enn í kössum og óvíst um framtíð þess, því miður fyrir þróun myndlistarinnar í landinu.

Þrjú lítil gallerí lögðu upp laupana á árinu 1989, Gallerí Gangskör, Gallerí Grjót og Hafnargallerí, en í staðinn komu Nýhöfn, Hafnarborg í Hafnarfirði og Gallerí 11, sem reis á rústum Grjóts. Þrátt fyrir margháttaða kosti síðastnefndra sýningarsala koma þeir tæplega í stað Nýlistasafnsins og Galleris Svart á hvítu sem vettvangur fyrir margháttaða tilraunastarfsemi.


Starfsemi Ásmundarsalar jókst einnig til muna eftir nokkurra ára breytingarskeið og Slunkaríki á Ísafirði blómstraði á ný, einn sýningarstaða á landsbyggðinni.


Gott er líka að vita af Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og þeirri merku tónlistar- og rannsóknarstarfsemi sem þar fer nú fram við undirspil útháfsöldunnar.



Fróðleg sýning á nútímalistaverkum í eigu Épinal-safnsins í Frakklandi var haldin að Kjarvalsstöðum. Hér er verk eftir Tony Cragg, eina skærustu stjörnu Breta í þrívíðri myndlist í dag.

Listisýningar á öllu landinu





Yfirlitssýning á „teikningum“ Kristjáns Guðmundssonar að Kjarvalsstöðum ítrekaði sérstöðu listamannsins í íslensku listalífi.



Á árinu var gerð úttekt á verkum SÚM-manna með sýningu að Kjarvalsstöðum. Þetta var jafnframt síðasta sýning sem Jón Gunnar Árnason (efst t.h.) tók þátt í en hann lést stuttu seinna.

Yfirmáta tómlæti

Þegar hefur verið ýjað að ástandi í íslenskri málalalist, skúlptúr og ljósmyndun á nýliðnu ári. Minna var um að vera í greinum eins og grafík og hönnun. Þeim brást ekki elegansinn, grafíklistamönnunum Sigríð Valtingojer (Gallerí Borg) og Ragnheiði Jónsdóttur (SPRON) en annars virtist grafíkin í landinu einkennast af einhverju yfirmáta tómlæti ef marka má afmælissýningu félagsins Íslensk grafík. Í hönnunardeildinni var allt of lítið markvert að gerast. Tvær textillistakonur, Ásgerður Búadóttir (Gallerí Borg) og Ingibjörg Styrgerður (Kjarvalsstaðir) voru traustar en fyrirsjáanlegar, Kristín Ísleifsdóttir (Kjarvalsstaðir) þræddi einstigi milli keramikur og skúlptúrs með smekklegum hætti (Hvað er annars orðið af flátinu?) og Pétur Hjálmarsson gullsmíður hélt uppi merki nýsköpunar í sinni grein, einn af örfáum. Myndlistarumræða á árinu var ekki sérstaklega uppbyggileg fremur en endranær. Helst var rætt um verð á myndlist og látið að því liggja að hún seldist illa og undir raunverulegu verögildi. Mest voru þetta tilhæfulausar vangaveltur. Sé lítið til sölu nýlegra verka má ef til vill segja að kaupendur hafi verið varkárari en áður, jafnvel kræsnari, en verð á góðum verkum eftir frumherjana héldu yfirleitt verögildi sínu á íslenskum listaverkamarkaði. Sala þeirra fer hins vegar sjaldnast fram fyrir opnum tjöldum þar sem flest undirmálsverkin eru falboðin.

Áhugi á Íslandi


Mikill áhugi virðist á íslenskri myndlist úti í löndum og varð legáttum frá erlendum listastofnunum tíðförlt til Íslands á síðasta ári. Ekki er útséð um afleiðingar þessara heimsóknna en vitað er um að minnsta kosti tvær stórar sýningar á íslenskri myndlist í Þýskalandi á næstu misserum. Íslenskir listamenn gerðu helst strandhögg í Svíþjóð og Finnlandi. Georg Guðni, Jón Óskar, Hulda Hákon, Rúrí, Sigurður Örlýgsson og Valgarður Gunnarsson sýndu í Svíþjóð við góðan orðstír og sölu og þeir Kristján Guðmundsson, Sigurður Örlýgsson og Jón Axel gerðu einnig góða ferð til Helsinkí þar sem þeir seldu grimmt, eins og sagt er. Fleiri Íslendingar, til að mynda Sigurður Guðmundsson, Hreinn Friðfinnsson og Helgi Þorgils Friðjónsson voru stöðugt með einkasýningar vítt og breitt um Evrópu. Ekki voru gefnar út margar bækur um íslenska myndlist, helst bækur undirritaðs um Hring Jóhannesson og Einfara í íslenskri myndlist, svokallaða næfista, svo og gagnmerki endurmat Harðar Ágústssonar á einum af hornsteinum íslenskrar mynd-

Umsjón: Aðalsteinn Ingólfsson

listar til forna, Dómsdeginum í Flatartungu. Vandaða sýningarskrá Listasafns Íslands á verkum Jóns Stefánssonar má einnig telja til bókmennta af þessu tagi. Á árinu misstum við tvo listamenn

sem markað hafa djúp spor í íslenska nútímalist, Jón Gunnar Árnason og Karl Kvaran en utanlands létust þeir Fernand Mourlot, kraftaverkamaður í grafíkþrykki og hjálparhella margra helstu listamanna vorra tíma á því sviði, japansk-ameríski myndhöggvarinn Isamu Noguchi og umdeildur ljósmyndari, Robert Mapplethorpe. Læt ég þar með lokið myndlistarannál fyrir árið 1989.

-ai



Svava Björnsdóttir „debuteraði“ glæsilega með sýningu sinni í Norræna húsinu, voru þá verk hennar búin að vekja athygli í Þýskalandi.


II. Tegundir sýninga

	'78	'79	'80	'85	'86	'87	'88	'89
Málverk ýmiss konar	56	58	76	147	143	131	160	143
Hönnun ýmiss konar	10	17	26	28	21	27	23	20
Grafík	16	24	18	25	19	21	30	22
Sögul.sýningar				20	6	7	6	7
Skúlptúr				18	9	30	30	23
Ljósmyndir	7	10	5	13	8	11	10	17
Nýlist, 161 verk	20	20	20	11	10	15	8	8

III. Helstu sýningarsalir og fjöldi sýninga

Staðir	'78	'79	'80	'85	'86	'87	'88	'89
Kjarvalsstaðir	17	23	21	26	22	34	34	23
Norræna húsið	21	25	19	24	14	17	19	14
Nýlistasafnið				21	24	25	17	8
Gallerí Borg				19	15	16	17	12
Ásmundarsalur		4	13	15	12	9	3	13
Mokka				13	13	7	7	11
Listasafn ASÍ					12	12	7	7
Slunkaríki, Ísafirði					9	4	4	11
FÍM-salurinn						8	12	13
Listasafn Íslands							7	4
Nýhöfn								14
Hafnarborg								11
Gallerí 11								6

STIMPLAR



Eigendur fyrirtækja athugið.

Tími VSK rennur nú senn upp!

Þá vantar þig stimpil með VSK.-númerinu.

Búum til stimpla með hraði.

STIMPLAGERÐ FÉLAGSPRENTSMÍÐJUNNAR HF.

SPÍTALASTÍG 10 V/ÓÐINSTORG. SÍMI 91-11640 – FAX 91-29520